

Árgjald gjaldfellur síðasta dag fyrsta almanaksánaðar í gjaldári. Árgjald má greiða í fyrsta lagi þremur mánuðum fyrir gjalddaga.

Árgjald má, með tilskilinni hækkun, greiða innan sex mánaða frá gjalddaga.

14. gr.

62. gr. orðist svo:

Verði umsókn um viðbótarvottorð endanlega hafnað eða hún afskrifuð getur umsækjandi skotið þeirri ákvörðun Einkaleyfastofu til áfrýjunarnefndar innan tveggja mánaða frá því að honum var tilkynnt um ákvörðunina. Ef áfrýjunarnefnd staðfestir ákvörðun Einkaleyfastofu getur umsækjandi borið þá ákvörðun undir dómstóla. Ákvæði 25. gr. einkaleyfalaga gilda eftir því sem við á um slík málskot.

Ákvörðun um veitingu viðbótarvottorðs er ekki unnt að skjóta til áfrýjunarnefndar. Hver sem er getur höfðað dómsmál til ógildingar viðbótarvottorði.

Sá er höfðar mál í samræmi við 2. mgr. skal samtímis tilkynna það Einkaleyfastofunni. Ákvæði 63. gr. einkaleyfalaga gilda um slík mál eftir því sem við á.

15. gr.

63. gr. orðist svo:

Umsækjandi um viðbótarvottorð, sem hefur ekki heimilisfesti hér á landi, skal hafa umboðsmann sem búsettur er hérlendis. Ákvæði 66. gr. einkaleyfalaga gilda eftir því sem við á um þessa skyldu.

16. gr.

64. gr. orðist svo:

Ákvæði 72. gr. einkaleyfalaga eiga við um glataðan rétt þegar frestir reglugerða ESB hafa ekki verið virtir, eftir því sem við getur átt. Endurveiting getur einnig átt sér stað þegar viðbótarvottorð hefur fallið úr gildi samkvæmt c-lið í 14. gr. reglugerða ESB.

Fyrir beiðni um endurveitingu skal greiða tilskilið gjald.

17. gr.

50. gr. reglugerðarinnar verður 65. gr.

51. gr. verður 66. gr. o. s. frv.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, öðlast gildi 2. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. desember 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

TILKYNNING

nr. 2/1997 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Samkeppnisstofnun hefur á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara ákveðið eftirfarandi flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum frá og með 1. janúar 1998 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Aðrar olíur og blöndur til brennslu

0,80 kr. á kg

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttakið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 18. desember 1997.

Gunnar G. Þorsteinsson.

REGLUR

um Gunnarsstofnun, Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri.

1. gr.

Gunnarsstofnun starfar á grundvelli gjafabréfs Gunnars Gunnarssonar skálds og Franziscu Gunnarsson, konu hans, frá 11. desember 1948.

2. gr.

Hlutverk Gunnarsstofnunar er:

1. Að leggja rækt við bókmenntir með áherslu á ritverk og ævi Gunnars Gunnarssonar.
2. Að reka dvalarstað fyrir lista- og fræðimenn.
3. Að stuðla að atvinnuþróun á Austurlandi.
4. Að efla rannsóknir á austfirskum fræðum.
5. Að stuðla að alþjóðlegum menningartengslum á verksviði sínu.
6. Að standa fyrir sýningum og öðrum listviðburðum.

3. gr.

Gunnarsstofnun lýtur stjórn þriggja manna, sem menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn.

Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af Safnastofnun Austurlands, annar af Atvinnuþróunarfélagi Austurlands. Hinn þriðji skal skipaður án tilnefningar og er hann formaður stjórnar.

Stjórnin ræður forstöðumann og setur honum erindisbréf.

Stjórnin setur stofnuninni markmið til fimm ára í senn og gerir áætlun um meginþætti starfseminnar ásamt kostnaðarmati.

Stjórnin gerir árlega fjárhags- og starfsáætlun. Skal hún send menntamálaráðuneytinu fyrir lok marsmánaðar ár hvert ásamt drögum að starfsáætlun næsta árs, skýrslu um starfsemi liðins árs og ársreikningi endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Samrit endurskoðaðs ársreiknings skal sent ríkisendurskoðun.

4. gr.

Markmiðum stofnunarinnar skal náð á grundvelli samnings milli menntamálaráðuneytisins og Gunnarsstofnunar. Skal þar kveðið á um kostnaðarhlutdeild ríkisins í rekstrar- og viðhaldskostnaði húsakosts. Miðað skal við að ríkissjóður greiði laun forstöðumanns og stjórnar en stofnunin afli sjálf tekna til rekstrarins að öðru leyti.

Menntamálaráðuneytinu, 9. desember 1997.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.